



8. mars 2021  
Tilvísun: 2102169

Dreifibréf númer: 17/2021  
til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem reka sérhæfða sjóði  
eða falla undir hugtakið sérhæfður sjóður

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um lykilhugtök AIFMD

Árið 2013 gaf Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um lykilhugtök AIFMD (ESMA/2013/611).

Viðmiðunarreglurnar ná til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og hafa þær verið í gildi innan Evrópu frá 13. október 2013.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur 2013/611 samræma túlkun á því innan EES hvað teljist til sérhæfðra sjóða sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD), sbr. lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í 27. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020 er sérhæfður sjóður skilgreindur og í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 45/2020 kemur fram að viðmiðunarreglurnar samræmi túlkun á því innan EES hvað teljist til sérhæfðra sjóða. Í viðmiðunarreglum ESMA eru helstu undirhugtök hugtaksins sérhæfður sjóður nánar skýrð.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabanka Íslands ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.


Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstraraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:


[https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2015/11/2013-611\\_guidelines\\_on\\_key\\_concepts\\_of\\_the\\_aifmd\\_-\\_en.pdf](https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2015/11/2013-611_guidelines_on_key_concepts_of_the_aifmd_-_en.pdf)

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Fjármálaeftirlit



Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir



Aðalsteinn Eymundsson  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir